

Miðvikudaginn 16. janúar 1985.

Nr. 68/1983.

**Fiskvinnslan h/f**

(Barði Friðriksson hrl.)

**gegn**

**Fríðu Sigurðardóttur**

(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningur. Vinnulaun. Lög nr. 19/1979. Sératkvæði.

*Verkakonan A hafði starfað í fiskvinnslustöð F h/f í meira en tvö ár. F h/f tilkynnti A að hún yrði tekin af launaskrá skv. heimild í 3. gr. laga nr. 16/1958 en vonast var til að vinnsla gæti hafist að nýju hið allra fyrsta. Aðrar verkakonur fengu sams konar bréf. - Fram kom að F h/f var komið í mikla skuld við útgerðarfyrirtæki sem seldi því fisk til vinnslu. Var svo komið að ekki var lengur hægt að greiða fyrir hráefni. Fyrir lá að hlé yrði á viðskiptunum og var fyrirsjáanlegt að hráefnisskortur yrði hjá F h/f. Langvarandi taprekstur hafði verið hjá fyrirtækinu, það var í peningaþrotum og lánafyrirgreiðsla stöðvuð. F h/f var því heimilt að taka F af launaskrá án þess að slíta ráðningarsamningi skv. 3. gr. laga nr. 19/1979 á meðan unnið var að því að skapa fiskiðjuverinu möguleika til að afla hráefnis. Bæði orðalag lagagreinarinnar og aðdragandinn að setningu laganna þóttu styðja þessa niðurstöðu. Þeim virtist ætlað að taka tillit til þess óstöðugleika sem oft er í íslenskum sjávarútvegi og atvinnurekendur fá ekki sjálfir við ráðið. V h/f var sýknað af kröfum F. o\* Sératkvæði.*

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s.m. Hann gerir aðallega kröfu um, að hann verði sýknaður af öllum

kröfum stefndu, en til vara er krafist lækkunar á stefnukröfunni í kr. 1.573,89. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða dómi kemur fram, að á þeim tíma, er hér skiptir máli, hafi fiskvinnslustöð áfrýjanda unnið hráefni frá tveimur togurum, Gullbergi NS 11, sem áfrýjandi gerði út og átti sjálfur, og Gullveri NS 12, sem gerður var út af eigandanum, Gullbergi h/f, en lagði afla sinn upp hjá áfrýjanda. Af gögnum málsins má sjá, að Gullver NS 12 lagði síðast fyrir vinnslustöðvunina upp afla sinn hjá áfrýjanda 8. júlí 1980. Í málinu er bréf stjórnar Gullbergs h/f um þessi viðskipti, og segir þar m.a.:

„Sumarið 1980 komst Fiskvinnslan hf. Í mikla skuld við fyrirtækið og jókst hún er leið á sumarið. Í júlímánuði var svo komið, að Fiskvinnslan hf. gat ekki lengur greitt fyrir afla skipsins, og neyddumst við því af þeim þeim sökum til að hætta viðskiptum við fyrirtækið. Þess var þó vænst, að stöðvun þessi á viðskiptum yrði aðeins tímabundin, eða þar til Fiskvinnslan hf. gæti á ný staðið í skilum við fyrirtækið og grynkað á skuldum, sem þá höfðu safnast upp. Var Fiskvinnslunni hf. tilkynnt þetta nokkuð fyrir miðjan júlímánuð.“

Þegar hér var komið og fyrir lá, að hlé yrði á fiskviðskiptum við Gullberg h/f, má telja, að fyrirsjáanlegur hafi verið hráefnisskortur hjá áfrýjanda. Eru sjónarmið hans að þessu leyti nánar rakin í héraðsdómi. Af gögnum máls verður ráðið, að ekki hafi verið rekstrargrundvöllur í fiskiðjuverinu einungis með afla eigin togara, enda hafði verið um svo langvarandi taprekstur að ræða að fyrirtækið var í peningaprotum og lánafyrirgreiðsla stöðvuð. Ber því að fallast á það með áfrýjanda, að honum hafi verið heimilt að taka stefndu af launaskrá án slita á ráðningarsamningi skv. 3. gr. laga nr. 19/1979, á meðan unnið væri að því að skapa fiskiðjuverinu möguleika til þess að afla

hráefnis. Þykja bæði orðalag greinarinnar og 3. greinar laga nr. 16/1958 ásamt aðdraganda að setningu þeirra styðja þessa niðurstöðu, en lagaákvæðum þessum virðist m.a. ætlað að taka tillit til þess óstöðugleika, sem oft er í íslenskum sjávarútvegi og atvinnurekendur sjálfir fá ekki við ráðið.

Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

### **D ó m s o r ð:**

Áfrýjandi, Fiskvinnslan h/f, skal vera sýkn af kröfum stefndu, Fríðu Sigurðardóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Þegar fyrir lá, að hlé yrði á fiskviðskiptum við Gullberg h/f, ákvað áfrýjandi að láta skip sitt b/v Gullberg einnig um sinn hætta að leggja upp afla sinn til vinnslu í fiskiðjuveri áfrýjanda. Var skipið þess í stað látið sigla með afla til sölu á markaði í Englandi auk þess sem einu sinni var landað nokkrum afla á Eskifirði.

Áfrýjandi sagði ekki upp ráðningarsamningi stefndu til fullnaðarslita, sbr. 1. gr. laga nr. 19/1979, en greiddi henni ekki laun frá 28. júlí 1980, uns vinnsla hófst áð nýju í fiskiðjuveri hans. Í 3. gr. nefndra laga er atvinnurekendum veitt heimild til þess í nánar greindum tilvikum að fella niður launagreiðslur til launþega án bóta. Um fiskiðjuver segir þar sérstaklega, að til þessa hafi þau heimild, ef hráefni er ekki fyrir hendi. Þegar gætt er afdráttarlausra orða ákvæðis þessa og höfð í huga forsaga og aðdragandi að setningu laga nr. 16/1958, sem lög nr. 19/1979 leystu af hólmi, þykir áfrýjanda hafa verið heimilt að fella niður launagreiðslur til stefndu. Samkvæmt þessu er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um að dæma beri áfrýjanda^ sýknu af kröfum stefndu í málinu svo og úrlausn þeirra um málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. janúar 1983.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. þ.m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 7. júní 1982.

Stefnandi málsins er Fríða Sigurðardóttir, Garðarsvegi 26, Seyðisfirði, með nafnnúmeri 3170-1111.

Stefndi er Fiskvinnslan h/f, Seyðisfirði, með nafnnúmeri 2342-8792.

Samkomulag er með aðiljum að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt heimild 81. gr. laga nr. 85/1936.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni kr. 4.089,31 með 46% ársvöxtum frá 1. september 1980 til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 7. júní 1982 og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara krefst stefndi lækkunar á kröfum stefnanda.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

## I.

Stefndi rekur fiskvinnslustöð á Seyðisfirði. Með bréfi, dagsettu 18. júlí 1980, tilkynnti stefndi stefnanda, sem þá hafði starfað sem verkakona hjá stefnda samfleytt í rneir en tvö ár eftirfarandi:

Þar sem fyrirsjáanleg er vinnslustöðvun hjá fyrirtæki voru frá og með mánudeginum 28. júlí n.k. munum vér skv. heimild í 3. grein laga nr. 16/ 1958 taka yður af launaskrá frá og með 28. júlí n.k.

Vér vonum að sjálfsögðu að ástæður þær sem gera ráðstöfun þessa nauðsynlega verði ekki lengi fyrir hendi og vinnsla geti hafist að nýju hið allra fyrsta."

Aðrar verkakonur í fiskvinnslustöð stefnda fengu sams konar bréf.

Þegar stefndi ritaði ofangreint bréf til stefnanda höfðu lög nr. 16/1958 verið felld úr gildi, en lög nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla leyst þau af hólmi.

Tilvitnun stefnda í lög nr. 16/1958 í ofangreindu bréfi mun því hafa verið gerð af misskilningi. Ákvæði 3. greinar beggja laganna eru að mestu samhljóða. Ekki er um það deilt í málinu, að leggja beri til grundvallar í máli þessu 3. gr. laga nr. 19/1979, en 1. mgr. þeirrar greinar hljóðar svo:

„Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþegp sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 130 klukkustundum á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn, meðan slíkt ástand varir."

Formaður Verkamannafélagsins Fram á Seyðisfirði ritaði stefnda bréf, dagsett 22. júlí 1980. Í bréfinu er því haldið fram, að uppsögn stefnanda og samstarfsfólks hennar stangist á við lög og sé einnig brot á 12. grein kjarasamnings, „og gerir því Verkamannafélagið Fram þá kröfu til yðar, að þér dragið umræddar uppsagnir nú þegar til baka og endurráðið allt það starfsfólk, sem vann hjá fyrirtæki yðar, þegar þér senduð umrædd bréf og greiðið því laun fyrir þá daga, sem það kann að hafa tapað vinnu, vegna ólögþætrar uppsagnar yðar.<4

Stefndi ritaði Verkamannafélaginu Fram bréf, sem dagsett er 30. júlí 1980. Þar segir m.a.:

?Ástæðan fyrir því, að uppsögnum er beitt, er að fánlegt hráefni er orðið svo dýrt að ekki borgar sig að vinna það miðað við núverandi verðlag, en sú staðreynd að skipin eru látin sigla með aflann, er neyðarúrræði, sem grípa hefur orðið til nú um tíma. Sýnist varla þurfa að leggja áherslu á, að ekki hefði starfsfólk í frystihúsi voru verið betur sett þótt skipunum hefði einnig verið lagt. Sú aðferð sem fyrirtæki vort viðhafði þ.e. að segja kauptryggingarsamningi upp með löglegum fyrirvara er að vorum dómi mun hagstæðara fyrir starfsfólkið en einhliða- eða sammingsákvörðun um að senda það í sumarfrí þ.e. þessi aðferð veldur því að þeir sem atvinnulausir verða geta þegar í stað átt rétt á atvinnuleysisbótum.

Það viljum vér einnig leggja áherslu á að vinnu hjá fyrirtækinu verður að sjálfsgöðu framhaldið þegar er skilyrði skapast og hér er ekki um að ræða nein endanleg ráðningaslit.<sup>44</sup>

## II.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að 3. gr. laga nr. 19/1979 eigi ekki við um uppsögn stefnanda. Stefnanda hafi verið óheimilt að bera fyrir sig nefnda lagagrein, þar sem vinnslustöðvun hafi stafað af rekstrarörðugleikum og fjármagnsskort hjá stefnda og enn fremur að þetta ástand hafi alls ekki verið ófyrirsjáanlegt, en nefnd lagagrein byggir á svonefndum „Force Majeure“ sjónarmiðum, þ.e. að um ófyrirsjáanlega vinnslustöðvun sé að ræða, svo sem vegna skiptapa, bruna eða fyrir ófyrirsjáanlegan hráefnisskort. Stefnandi byggir því kröfu sína á 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1979, en þar kveði svo á:

„Nú hefur verkafólk unnið eitt ár samfellt hjá aðilum, sem fást við atvinnurekstur innan sömu starfsgreinar, og ber því þá eins mánaðar uppsagnarfrestur frá störfum, enda hafi uppsögn hjá fyrri atvinnurekendum borið að með löglegum hætti.“

Þá er af hálfu stefnanda einnig byggt á gr. 12.2. Í kjarasamningi milli Verkamannasambands Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands Samvinnufélaganna hins vegar, en sú grein er efnislega samhljóða 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1979.

Stefnandi hafi því átt rétt á mánaðaruppsagnarfresti miðað við mánaðamót, sbr. 6. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1979 og gr. 12.3. Í áðurgreindum kjarasamningi. Samkvæmt dómvenju hafi stefnandi því átt rétt til launa tímabilið 27.7. 1980 til 1.9. 1980, enda verði að telja hina fyrirvaralausú uppsögn ólögmeta.

Af hálfu stefnanda er á það lögð áhersla, að mál þetta snúist fyrst og fremst um það, hvort atvinnurekanda, stefnda í máli þessu, hafi verið heimilt að bera fyrir sig 3. gr. laga nr. 19/1979, þegar atvinnurekandinn framkallaði sjálfur hráefnisskort með því að láta skipin, sem hráefnisins öfluðu, landa aflanum á öðrum vinnslustöðvum og þá aðallega erlendis, þar sem hagstæðara verð hafi fengist fyrir aflann með þeim hætti. Þannig hafi stefndi einmitt farið að. Á þeim tíma, sem hér skipti máli, hafi stefndi fengið hráefni til frystihúss síns frá tveimur togurum Gullbergi NS 11, sem var eign stefnda, og GuUveri NS 12, sem Gullberg h/f var eigandi að, en eigendur hlutabréfa í Gullbergi h/f og Fiskvinnslunni h/f séu mikið til hinir sömu. Engar bilanir hafi verið á skipum þessum á þeim tíma, sem hér skipti máli, og bæði skipin hafi verið gerð út áfram, en afla sinum hafi þau aðallega landað erlendis. Komi þetta ljóslega fram í vottorði Fiskifélags Íslands á dómskjali nr. 40, en samkvæmt því hafi afli og aflaverðmæti togaranna tímabilið 30. júlí til 15. september 1980 verið sem hér segir:

*Gullberg NS 11: Lestir Verðmæti afla*

30. júlí í Hull 134,3 70.183.000 21. ágúst í Hraðfrystihúsi

Eskifjarðar 66,7 16.533.000

4. september í Hull 131,6 81.805.000

*Gullver NS 12:*

31. júlí í Færeyjum 159,9 45.097.000 11. ágúst í Hraðfrystihúsi

Eskifjarðar 27,3 6.483.000

29. ágúst í Hull 122,9 68.310.000

Því er þannig haldið fram af hálfu stefnanda, að hægt hefði verið að halda uppi rekstri í fiskiðju stefnda, ef stefndi hefði látið ofangreind skip landa afla sinum hjá Fiskvinnslunni á Seyðisfirði. Til uppsagna starfsfólks hefði þá ekki þurft að koma.

Þá kveður stefnandi sig ekki hafa verið á kauptryggingarsamningi og hugleiðingar stefnda um kauptryggingarsamninga eigi því ekki við. Hér sé því aðeins um að ræða túlkun á 3. gr. laga nr. 19/1979 um heimild atvinnurekanda til að senda starfsfólk sitt heim, þegar hráfnisskortur sé tilbúinn af völdum atvinnurekandans, og rétt starfsfólks til launa, þegar venjulegs uppsagnarfrests sé ekki gætt.

Þá er á það bent af hálfu stefnanda, að stefnda hafi verið í lófa lagið að ákveða sumarfrí starfsmanna á nefndu tímabili, ef hann hefði gert það a.m.k. mánuði fyrir töku þess, sbr. 5. gr. laga um orlof nr. 87/1981. Þetta hafli aðrir atvinnurekendur á Seyðisfirði gert sumarið 1980, sbr. aðiljaskýrslu stefnda á dómskjali nr. 27. Stefndi geti hins vegar ekki eftir á ákveðið, að orlof sé tekið á tíma, sem þegar er liðinn, til að losa sig undan greiðsluskyldu launa. Slíka einhliða ákvörðun vinnuveitanda heimili lögin ekki. Frádrætti vegnar orlofs sé því alfarið vísað á bug.

Stefnandi kveðst ekki hafa sótt um atvinnuleysisbætur á umræddu tímabili, vegna þess að eiginmaður hennar hafí haft svo háar tekjur, að útilokað hafí verið, að hún fengi atvinnuleysisbætur, sbr. g lið 16. gr. laga nr. 57/ 1973 um atvinnuleysistryggingasjóð.

### III.



Af hálfu stefnda er á það bent, að ágreiningslaust sé, að fiskvinnsla hafi legið niðri hjá stefnda á tímabilinu 28.7. til og með 14.9. 1980. Hafi starfsfólki, þar á meðal stefnanda, verið gert viðvart um fyrirsjáanlega vinnslustöðvun með bréflægri uppsögn kauptryggingarsamnings hvers og eins með 10 daga fyrirvara í stað 7 daga fyrirvara, sbr. 6. tölulið 4. gr. kjarasamningsins á dómskjali nr. 28, en þar segi:

„Heimilt er að segja kauptryggingu verkafólks upp með viku fyrirvara, ef fyrirsjáanleg er vinnslustöðvun. Eftir að vinnsla hefst á ný nýtur verkafólk áunninna réttinda.“

Stefnda hafi verið heimilt samkvæmt 3. gr. laga nr. 19/1979 að taka stefndanda og annað starfsfólk út af launaskrá vegna fyrirsjáanlegs hráefnisskorts. Allan fyrri hluta árs 1980 hafi hagur fiskvinnslunnar farið versnandi, einkum í frystingu. Fyrri hluta júnímánaðar hafi öll frystihús á Austurlandi haldið sameiginlegan fund á Egilsstöðum með þingmönnum kjördæmisins. Hafi fundarmenn verið samdóma um, að tap í frystingu væri 10-15% og veiði á togurum frá Austfjörðum 5-7%. Stöðvun væri því óumflýjanleg strax í júlí eða ágúst, ef ekki fengjust úrbætur. Stuttu síðar hafi svo þrjú frystihús á svæðinu einhliða tilkynnt ákvörðun sína um, hvenær starfsfólk þeirra skyldi taka sumarfrí, en eitt, stefndi í máli þessu, hafi sagt upp kauptryggingarsamningi. Hafi stefndi talið það hagstæðara fyrir starfsfólk, þar eð fólkíð kæmist þá strax á atvinnuleysistryggingar. Stefndi hafi á þessum tíma unnið hráefni frá tveimur togurum, Gullbergi NS 11, sem stefndi hafi sjálfur átt og gert út, og Gullveri NS 12, sem gerður hafi verið út af eigandanum, Gullbergi h/f, en Gullberg h/f hafi að sjálfsögðu haft sérstaka stjórn og sérstakt bókhald og verið algerlega óháð stefnda, enda þótt sumir hluthafar hafi verið hinir sömu í báðum félögunum. Í byrjun júlí hafi útgerð Gullbergs h/f ákveðið að leggja skipi sínu 1 þorskveiðibanni, en stefndi hafi haldið sínu skipi úti til seinni hluta júlímánaðar á svonefndu „skrapi“ við lítinn árangur, lítinn afla og lélegan til vinnslu. Er svo var komið, að meira en helming hráefnis vantaði miðað við venjulegan rekstur, hafi verið ógerlegt að halda áfram fiskvinnslu, enda hafi viðskiptabanki stefnda þá tilkynnt,

að hann fjármagnaði ekki lengur taprekstur við þessi skilyrði og myndi ekki lána fyrir vinnulaunum eða öðru, á meðan þetta ástand stæði. Útgerð Gullbergs h/f hafi þá ákveðið, að togarinn Gullver skyldi veiða til sölu erlendis. Stefndi hafi þá ákveðið einnig að veiða til sölu erlendis, á meðan þetta ástand stæði, þ.e. hráefnisskortur og synjun á fjármagnsfyrirgreiðslu viðskiptabanka, enda hafi verið ógerningur að halda uppi vinnslu við þessar aðstæður. Til þess að reka frystihús stefnda með eðlilegum afköstum þurfi um 25 tonn af fiski á dag, en hráefnið, sem Gullberg NS 11, aflaði, hafi aðeins verið rúm 326 torin yfir tímabilið 27.7. til 14.9. 1980. Hráefni þetta hefði því aðeins dugað til að halda uppi fullri vinnslu í 13 daga af þeim sjö vikum, sem vinnsla lá niðri.

Af háflu stefnda er lögð á það áhersla, að í 3. gr. laga nr. 19/1979 sé ekki að finna neinar takmarkanir á því, hvað vinnlustöðvun geti varað lengi, þannig að starfsfólk sé án launa með heimild í nefndri grein. Það tímabil hljóti því að ráðast af því einu, hveoær nægjanlegt hráefni sé fyrir hendi, svo að vinnsla geti hafist á ný. Þessi skilningur á ákvæðinu hafi komið fram í umræðum á Alþirigi við setningu laga nr. 16/1958.

Af hálfu stefnda er bent á, að það væri nokkuð kaldhæðnislegt, ef refsá ætti stefnda fyrir að haga lokun þannig, að starfsmennirnir gætu komist á atvinnuleysistryggingar í stað þess að loka í mánuð vegna sumarleyfa, eins og stefnda hafí verið í lófa lagið að gera, en mörg önnur fyrirtæki hafi gert það við þær aðstæður, sem hér var um að ræða.

Þá er af hálfu stefnda vísað til þess fordæmis, sem fram komi í dómi Félagsdóms, sem kveðinn var upp í málinu nr. 2/1981 þann 15. júlí 1981, en þar hafi málsatvikum hagað mjög á sömu lund og í máli því, sem hér er til úrlausnar.

Samkvæmt framansögðu telur stefndi, að sýkna beri hann af kröfum stefnanda.

Til stuðnings varakröfu stefnda er því haldið fram af hálfu stefnda, að bótakrafa stefnanda eigi einungis að miðast við dagvinnukaup, en ekki bónus. Þá iiggi fyrir, að stefnandi hafi ekki tekið sér annað orlóf en það, sem leiddi af stöðvun fiskvinnslunnar.

Virðist því liggja beint við að líta svo á, að stefnandi hafi þegar hinn 4. ágúst 1980 byrjað orlofstökuna. Stefnandi hafí verið fastur starfsmaður stefnda og hafði starfað allt undanfarandi ár. Hún hafi því átt lögum samkvæmt rétt á fjögurra vikna orlofi og greiðslu orlofslauna, kr. 648,40 á viku, eða samtals kr. 2.737,60. Þessa fjárhæð eigi að draga frá.

#### IV.

Í bréfi stefnda frá 30. júlí 1980 er viðurkennt, að ástæðan fyrir því, að uppsögnum var beitt, hafí verið, að fánlegt hráefni hafi verið orðið svo dýrt, að ekki borgaði sig að vinna það. Stefndi ákvað því vinnslustöðvun og lét skip sitt selja afla sinn erlendis. Hitt skipið, sem landað hafði afla sínum hjá stefnda, hlaut eftir vinnslustöðvunina að selja afla sinn annars staðar.

Fallast ber því á með stefnanda, að ástæðan fyrir vinnslustöðvun stefnda hafi verið með þeim hætti, að stefnda hafi verið óheimilt að beita ákvæðum 3. gr. laga nr. 19/1979 gagnvart stefnanda. Verður sýknukrafa stefnda því ekki tekin til greina. Í því sambandi skal tekið fram, að áðurgreindur dómur Félagsdóms þykir ekki hafa þýðingu i þessu máli.

Krafa stefnanda er byggð á meðaltalslaunum stefnanda samkvæmt launaseðlum á dómskjali nr. 25. Launin skiptast í laun og bónus, samtals kr. 4.888,50 auk orlofs kr. 407,20 eða samtals kr. 5.295,70. Frá þessari fjárhæð dregur stefnandi kr. 1.206,39, sem eru vinnulaun, sem stefnandi vann sér inn á tímabilinu. Kemur þá út fjárhæðin kr. 4.089,31, sem stefnandi krefur stefnda nú um. Þessum útreikningi hefur stefndi ekki hnekkt, og verður hann lagður til grundvallar.

Stefnda var í lófa lagið að senda stefnanda í sumarfri, svo sem aðrir fiskverkendur gerðu á þessum tíma. Það gerði stefndi ekki. Fallast ber á með stefnanda, að stefndi geti ekki eftir á ákveðið, að stefnandi skyldi teljast vera i sumarleyfi á því tímabili, sem hér um

ræðir. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 4.089,31 með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 5.000,00.

### **D ó m s o r ð:**

Stefndi, Fiskvinnslan h/f, greiði stefnanda, Fríðu Sigurðardóttur kr. 4.089,31 með 46% ársvöxtum frá 1. september 1980 til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar dóms þessa og með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 5.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.